

127 frá því að fá löggilta aðra menn til þess að framkvæma skoðun á skjölum fiskiskipa, enda geti opt komið fyrir, að hlutaðeigandi hreppstjóri sje búsettur langt frá verzlunarstað, þar er fiskiskip komi, að hreppstjóri skilji ekki neina útlenda tungu o. s. frv., svo að fyrir margra hluta sakir geti verið heppilegra að sýslumaður fái sjerstakan umboðsmann til að skoða skjöl fiskiskipa, er koma kunna til einhvers verzlunarstaðar. Enn takið þjer það fram, að það virðist vera óviðkunnanlegt, er sýslumaður hefir mann á skrifssöfu sinni, sem er löggiltur fulltrúi hans, að þessi maður megi ekki skoða skipaskjölin, þegar sýslumaður er fjærverandi t. a. m. á þingferðum og öðrum embættisferðum.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar það, sem hjer segir.

Að minni skoðun er það engum efa undirorpið, að sýslumaður hefir rjett til að láta reglulegan löggiltan fulltrúa sinn, sem er í þjónustu hans, skoða og rita á skipaskjöl fiskiskipa, eigi einungis þegar sýslumaður er fjærverandi, heldur og þótt hann sje nærstaddur, en þar af leiðir ekki, að hann geti fengið löggilta umboðsmenn hingað og þangað um sýsluna til að rita á slík skjöl fyrir sig, og hafa eptirlit með fiskiskipum. A hinn bóginn get jeg verið yður samdóma um, að heppilegt væri að sýslumaður fengi einhvern borgara í sumum verzlunarstöðum til að hafa hið umgetna starf á hendi, heldur en að hreppstjóri, sem í fjarlægð býr, þurfi endilega að gegna því, og sjerstaklega virðist það eiga miður vel við, að annar maður á sama staðnum riti á skjöl verzlunar- og flutningaskipa, og annar á skjöl fiskiskipa.

Umræðurnar á alþingi 1875 um áðurnefnd lög frá s. á. virðast benda á það, að hreppstjórar sje í þessu efni aðeins að skoða sem umboðsmenn sýslumanna, og á hið sama virðist það benda, að sýslumönnum ber ávalt að minnsta kosti helmingur af afgreiðslugjaldi fiskiskipa, og loks er það í sjálfum lögunum með berum orðum sagt, að hreppstjóri skoði skjölin fyrir hönd sýslumanns. Þrátt fyrir þetta virðist mjer ákvæði laganna svo greinilega taka það fram, að það er aðeins hlutverk lögreglustjóra sjálfs (eða, ef svo stendur á, reglulegs löggilts fulltrúa hans) eða hlutaðeigandi hreppstjóra að skoða skjöl fiskiskipa og hafa eptirlit með þeim (sbr. orðin: „skal skipstjóri tilkynna það lögreglustjóra eða hreppstjóra“ og „skal lögreglustjóri eða hreppstjóri fyrir hans hönd“). Með öðrum orðum, lögin sjálf virðast skipa hreppstjóra í þessu efni umboðsmann sýslumanns, og eigi leyfa það, að neinn annar verði skipaður til þess.

Því ber að minni skoðun að svara hinni fyrri fyrirspurn yðar neitandi, en þá tellur hin síðari burtu.

128 **Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suðuramtinu og Vestur-**
2. desbr. amtinu um flutning þingstaðar. Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, í brjefi yðar, dagsettu 26. f. m., meðmælum hlutaðeigandi sýslumanns og beiðni hreppsnefndarinnar í Norðurárdalshreppi í Mýrasýslu, vil jeg hjermeð

veita samþykki mitt til þess, að þingstaður umgetins hrepps sje fluttur frá **128**
Dýrastöðum að prestsetrinu Hvammi, gegn því að hreppsnefndin annist um, að **2. desbr.**
til verði hæfilegt hús til þinghalds á hinum nýja þingstað.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar.

Samþykkt

um

afnám fiskiveiðasamþykktar.

Sýslunefndin í Gullbringu- og Kjósarsýslu hefir samkvæmt lögum **14.**
desbr. 1877 um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, og lögum
4. desember 1886, um breyting á fyrnefndum lögum, gjört eptirfylgjandi

Samþykkt

um

afnám samþykktar um notkun fiskilóðar í sunnanverðum Faxaflóa,
dags. 17. febr. 1897.

Samþykkt um notkun fiskilóðar í sunnanverðum Faxaflóa, dags. 17. febr.
1897, er hjermeð úr gildi numin.

Samþykkt þessi er hjermeð staðfest af undirrituðum amtmanni, til
þess hún öðlist gildi þann dag, þegar 7 dagar eru liðnir frá þeim degi, er það
tölublað kemur út af Stjórnartíðindunum B, er samþykktin birtist í.

Þetta er hjermeð kunngjört öllum hlutadeigendum til eptirbreytni.

Suðuramtið, Reykjavík 28. nóvbr. 1901.

J. Havsteen.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir styrktarsjóð handa ekkj- **130**
um í Skagafjarðarsýslu, útgefn á venjulegan hátt að mandatum af ráðgjafanum **14. nóvbr.**
fyrir Ísland.

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá
fyrir

Styrktarsjóð handa ekkjum í Skagafjarðarsýslu.

1. gr.

Sjóðurinn nefnist »Ekknasjóður hins skagfirzka kvenfjelags, og er stofn-
aður með 100 — eitt hundrað — krónu gjöf frá fjelaginu.